

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum, með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Skráning í samræmd lokapróf 10. bekkjar fer fram á tímabilinu 1. september til 1. apríl ár hvert. Skólastjóri ber ábyrgð á að nemendur skrái sig til prófs og staðfesting forsjáradila liggi fyrir. Framkvæmdaaðili prófanna sér um að skólastjórar hafi aðgang að vefsvæði til þessarar skráningar.

Framkvæmdaaðili prófanna undirbýr prófgögn á grunni þeirra upplýsinga um skráningu nemenda í 8., 9. og 10. bekk, sem skólastjórar hafa sett á vefsvæðið hinn 1. apríl ár hvert. Skólastjórar bera ábyrgð á skráningu og/eða breytingu á skráningu eftir 1. apríl og fram á próftökudag. Að prófi loknu ber skólastjóri ábyrgð á því að uppfæra endanlegan lista yfir alla nemendur sem þreyttu próf.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 4. september 2006.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Arnason.*